

MA - miðvikudaginn 18. febrúar
Fimmti fundur í Betadeild starfsárið 2003 – 2004

Dagskrá

1. *Orð til umhugsunar - starfið mitt*
2. *Fundargerð síðasta fundar*
3. *Nýir félagar - atkvæðagreiðsla*
4. *Önnur mál*
5. *Leiklist. Hvernig verður leikrit til?*

1. Anna Þóra setti fundinn og kveikti á kertunum þremur táknum vináttu, trúmannsku og hjálþsemi. Níu konur mættar á fund. Anna Þóra gerði grein fyrir forföllum nokkura kvenna - sumar á flandri um víðan völl og aðrar liggja veikar heima. Sérstakar kveðjur frá Margréti Björgvinsdóttur í Toronto og Margréti Eggerts dóttur í Reykjavík. Anna Þóra tilskynnti einnig breytingu á dagskrá; Í stað Sigríðar Magnúsdóttur myndi Halldóra Haraldsdóttir segja frá starfi sínu
2. *Orð til umhugsunar - starfið mitt.* Halldóra sagði frá starfi sínu sem lektor við HA, kennardeild, leikskólabraut en þar hóf hún störf sl haust. Hún sagði starfið einkennast af sjálfstæði, þróun og sköpun. Einnig gerði hún grein fyrir skiptingu starfsins í kennslu, stjórnun og rannsóknarhluta. Hún ræddi væntingar sínar til starfsins sem sem hún telur bæði ögrandi og spennandi.
3. Halldóra las fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.
4. *Nýir félagar- atkvæðagreiðsla.* Tillögur höfðu komið fram um að bjóða sex konum að gerast félagar í deildinni. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þessar konur eru boðnar velkomnar á fund þann 25. mars til þess að kynna sér starfsemina.
5. *Önnur mál*
 - a. Það gengur vel með undirbúning fyrir stofnun deildar á Vestfjörðum. Ingibjörg Einarsdóttir í Hafnarfirði vinnur að því og hefur fengið til liðs við sig 20 konur þar vestra. Jafnframt deildarstofnun verður boðað til vorþings í ráðstefnustíl, dagsetning gæti orðið 22 maí eða 5. júní.
 - b. Þær konur sem hafa hugsað sér að sækja Alþjóðaþing í Minnesota hafi samband við Rósu Júlíusdóttur.
 - c. Sigrún Aðalgeirs dóttir og Sigrún Magnúsdóttir eru í uppstillinganefnd fyrir skipun nýrrar stjórnar.
6. *Leiklist – Hvernig verður leikrit til?* Ingibjörg Hjartardóttir sagði frá því ferli er leikrit hennar Draumalandið varð til en það verður frumsýnt í leikhúsini á Akureyri í mars. Ingibjörg hóf frásögn sína á því að rekja í stórum dráttum leikritunarsögu sína. Fyrir um 20 árum var Ingibjörg ein af stofnendum Hugleiks sem segja má að hafi bæði verið leikritunar- og leikhópur. Leikritahöfundar hafa alltaf búið við mikið aðstöðuleysi og jafnan reiknað með að þeir vinni sín störf utan leikhúsa. Því varð það fyrir fimm árum að Ingibjörg og Hín Agnarsdóttir stofnuðu leikhöfundasmíðju í Borgarleikhúsini. Höfundasmíðjan var ætluð þeim sem áttu tilbúin handrit og vildu koma þeim á framfæri. Mikil virkni var í höfundasmíðjunni um örstutt skeið og fengu höfundar tækifæri til þess að koma verkum sínum á framfæri á þann hátt að á hverjum laugardegi kl 2 var sýnt brot úr verki höfundar í Borgarleikhúsini –

höfundasmiðjan leið undir lok á róstugtímum Borgarleikhússins. Hugmynd að verkinu Draumalandið fékk Ingibjörg í tengslum við voveifilegan atburð sem átti sér stað í afdal á norðurlandi. Hún skrifaði ramma og skilgreindi persónur en eftir það má segja að leikritið hafi orðið til í höndum hennar og leikhópsins þ.e. fastráðinna leikara við Leikhúsið á Akureyri (2003). Hópurinn hittist reglulega og spann í raun verkið. Margt þróaðist og breyttist frá upphaflegri hugmynd Ingibjargar - persónusköpun, þráður og ekki síst endir verksins. Ingibjörg sagði þetta áhugaverða leið við leikritun – að vinna með þeim hópi sem síðan skapar persónurnar á sviði. Ekki gekk þó vinnan smurðuлаust fyrir sig – á miðju tímabili var öllum leikurum sagt upp starfi og fleiri hremmingar fóru þau í gegnum – en þetta er nú heimur íslenskrar leikritunar.

7. *Fundi slitið* - síðan kaffi og dýrindis meðlæti en ekkert happadrætti.

HH